

58. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis haldinn í sal Lundarskóla 30. mars 2016 kl. 20.00

Mættir: Anna Krístrún Sigurpálsdóttir, Ingólfur Helgason og Martha Elena Laxdal.

Tilfni fundar voru tvö konar erindi sem bárust nefndinni símleiddis:

1. Umferð við Akurgerði

Kvartað var enn og aftur undan akstri vöruflutningabifreiða og annarra stórra ökutækja í Akurgerðinu. Erindið hefur áður borist nefndinni frá öðrum íbúa við Akurgerði. Mikilvægt er að gerður verði skurkur í þessum málum þar sem mikið af barnafjölskyldum býr við Akurgerðið auk þess sem dagforeldrar eru með rekstur í götunni. Óþarfa akstur stórra ökutækja skapar slysaástand og þess sem hraðatakörk hafa verið virt að vettugi. Hverfisnefndin hefur komið umkvörtunum íbúa áleiðis til bæjarstjórnar án nokkurra svara. Erindið er ítrekað hér með ásamt þeim tillögum sem áður hafa komið fram um að sett verði upp skilti við sitt hvorn enda götunnar þess efnis að akstur stórra flutningabíla verði bannaður frá morgni til eftirmiðdags. Nefndin óskar ennfremur eftir umræðu á meðal bæjarráðsmanna um hvernig best væri að beina akstri flutningabíla frá Akurgerðinu og um Þingvallastrætið í staðinn til að draga úr óþarfa umferð og auka umferðaröryggi við íbúagötuna.

2. Umferð við göngubraut yfir Skógarlundinn (til móts við Tjarnarlund/Furulund)

Kvörtun barst yfir of hröðum akstri bifreiða í Skógarlundinum og virðast sumir ökumenn ekki virða rétt gangandi vegfarenda yfir gangbrautina, sérstaklega á morgnana þegar nemendur Lundarskóla eiga leið sína í skóla. Minnstu mátti muna að keyrt hefði verið á einn nemanda hér um daginn vegna þessa. Finna þarf leiðir til að auka umferðaröryggi gangandi vegfarenda við göngubrautina þar sem hvorki umferðarljós né gangbrautarverðir eru þar til staðar á morgnana þegar skóli er starfræktur.

Önnur mál á dagskrá sneru að fyrirhuguðum framkvæmdum vegna grillhúss, kaupa á útigrillum í húsið auk vinnuborðs. Einnig voru fjármál nefndarinnar fyrir árið 2016 rædd og til stendur að nefndar meðlimir hitti Jón Birgi á næstunni til að fara yfir þau mál. Að auki var ákveðið að auglýsa eftir fleira fólki í nefndina á fésbókarsíðu Hverfisnefndarinnar.

Fundi slitið kl. 20:45

Fundargerð ritaði,

Martha E. Laxdal